

Nemendaráð Naustaskóla

1. fundur skólaárið 2014-2015

haldinn 26. september 2014

Mættir: Signý og Sýlvía 10. bekk, Birgir 9. bekk, Ólafur 8. bekk, Íris 7. bekk og Agnar 6.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Boðað var til fundarins í skyndi þar sem fyrir liggur að taka ákvörðun um „lit skólans“ en undanfarin ár hafa litir verið nokkuð á reiki í keppnum á milli skóla bæjarins, stundum hefur Naustaskóli verið appelsínugulur, stundum fjólublár en Oddeyrarskóli er líka að nota appelsínugulan og keppnisbúningar Síðuskóla munu vera fjólubláir. Nú hyggst 10. bekkur fara að selja boli og þá þarf að ákveða lit þannig að allir sem vilja geti keypt sér bol í lit skólans.

Eftir nokkrar umræður komst nemendaráð að þeirri niðurstöðu að **ljósblár yrði litur Naustaskóla**, enda er sá litur ekki í notkun annars staðar, bæði kyn virðast fella sig vel við hann og hann fer vel með merki skólans.

Fleira ekki tekið fyrir á þessum fundi en stefnt að næsta fundi strax í næstu viku.